

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 21. október 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-85/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 11. nóvember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna og krefst þess að reikningurinn verði lækkaður í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 12. nóvember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvör hans þann 19. nóvember 2018. Álitsbeiðanda voru send andsvör seljanda 20. nóvember 2018 og honum veittur kostur á að gera athugasemdir við andsvörin. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 25. nóvember 2018. Athugasemdir álitsbeiðanda voru sendar til seljanda 4. desember 2018 og var honum veittur kostur á að koma fram frekari andsvörum í málinu. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust frekari andsvör seljanda þann 14. desember 2018. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 15. október 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að álitsbeiðandi óskaði þann 7. febrúar 2018 eftir kostnaðaráætlun vegna viðgerðar á fimm stólum. Fyrirspurn álitsbeiðanda um áætlað verð var send með tölvupósti og í viðhengi var að finna myndir af stólunum og ástandi þeirra. Þann 12. febrúar barst svar frá seljanda þar sem var að finna sundurliðaða kostnaðaráætlun vegna viðgerðar á öllum stólunum. Tveir stólanna voru sömu tegundar og var mat á kostnaði við viðgerð á þeim samtals 105.000 krónur. Þá tók seljandi fram að ef undirvinna þyrfti setur þessara tveggja stóla mundi sá kostnaður bætast við og að efniskostnaður væri ekki innifalinn í verðinu. Þá gaf seljandi til kynna að hver stóll mundi þurfa 2,5 metra af áklæði sem kosti frá 5.000 krónum meterinn, auk bólstursefnis fyrir báða stóla að fjárhæð 10.000 krónur. Var áætlað að viðgerðin færi fram með haustinu.

Um haustið voru stólarnir tveir, sem eru sömu tegundar, afhentir seljanda til viðgerðar og gerði seljandi enga athugasemd við ástand þeirra að sögn álitsbeiðanda. Í byrjun september 2018 hringdi seljandi til álitsbeiðanda og spurði hvort þússa ætti fætur stólanna. Kveðst álitsbeiðandi eftir fyrri samskipti við seljanda hafa talið að það væri innifalið í verkinu og svaraði því þar af leiðandi játandi. Síðar í septembermánuði hafði seljandi svo samband og sagði að verkinu væri lokið. Krafðist seljandi greiðslu alls að fjárhæð 370.000 krónur fyrir vinnu við báða stólana.

Álitsbeiðandi kveðst hafa mótmælt fjárhæð reikningsins bæði í síma og skriflega og óskað eftir útskýringum. Seljandi hefur borið því við að hann hafi þurft að endurvinna setur auk þess sem nauðsynlegt hafi verið að lagfæra bak stólanna. Seljandi viðurkennir þó að hafa ekki upplýst álitsbeiðanda um nauðsyn, umfang eða hugsanlegan kostnað þeirra viðgerða.

Seljandi hefur fallist á að lækka reikning sinn niður í 286.750 krónur. Í sundurliðun kostnaðar fyrir vinnuna má sjá að seljandi krefst greiðslu fyrir 14 klukkustunda vinnu við að endurvinnna setur beggja stólanna. Álitsbeiðandi bendir á að samkvæmt orðanna hljóðan sé það að undirvinna setur ekki það sama og að endurvinnna þær. Þá er þar ekki minnst á viðgerðir á baki stólanna sem seljandi hafi sagt að væri nauðsynlegar. Segir álitsbeiðandi ekki með nokkru móti unnt að átta sig á því hvernig upphafleg krafa seljanda að fjárhæð 370.000 krónur, var tilkomin. Álitsbeiðandi kveðst hafa boðið seljanda greiðslu að fjárhæð 170.000 krónur sem greiðslu fyrir verkið.

Álitsbeiðandi segir ekki eðlilegt að áætlaður kostnaður tvöfaldist eða þrefaldist þó seljandi hafi tilgreint að hugsanlega kæmi til viðbótarkostnaðar ef undirvinna yrði setur stólanna. Þá segir álitsbeiðandi ekki eðlilegt að kostnaður við að vinna setur stólanna sé hærri en upphafleg kostnaðaráætlun í heild sinni. Telur álitsbeiðandi að seljanda hafi mátt vera ljóst að kostnaður við verkið yrði verulega hærri en álitsbeiðandi gerði ráð fyrir samkvæmt verkáætlun. Álitsbeiðandi gerir sérstaka athugasemd við vinnu við tréverk að fjárhæð 32.000 krónur þar sem seljandi gaf að hans sögn í skyn við afhendingu stólanna að sú vinna væri óveruleg og væri hluti almenns verklags og þjónustu við bólstrun húsgagna. Þá telur álitsbeiðandi ósamræmi vera í útskýringum og kostnaðarútreikningum seljanda sem hafi verið handahófskenndar og ófagmannlegar. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup enda kveðst álitsbeiðandi ekki hafa farið í þessar viðgerðir ef honum hefði verið ljóst hver kostnaður þess yrði. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi aldrei fengið samþykki frá honum eða eiginkonu hans fyrir viðbótarviðgerðum.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að greiðsla fyrir verkið taki mið af upphaflegri kostnaðaráætlun að viðbættum kostnaði við undirvinnu á setum með hliðsjón af því sem sanngjarnt er talið.

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að í verðáætlun hafi hann spurt hvernig ástandið væri á setum stólanna og bent álitsbeiðanda á að ef undirvinna þyrfti seturnar þá bættist sá kostnaður við. Að sögn seljanda er ekki hægt að sjá hvert ástandið er á setum út frá myndum og því hafi uppgefinn kostnaður samkvæmt kostnaðaráætlun eingöngu átt við um klæðningu stólanna. Með undirvinnu segir seljandi að átt sé við alla vinnu sem framkvæma þurfi undir klæðningu en sú vinna getur verið frá minni háttar lagfæringu til að endurvinnna eða endurnýja þurfi setur.

Þegar stólarnir voru komnir til seljanda segir hann hafa orðið ljóst að endurnýja yrði seturnar og lagfæra stólbökin sem voru sigin. Kveðst seljandi hafa greint álitsbeiðanda frá því og óskað eftir fyrirmælum varðandi verkið, en álitsbeiðandi hafi viljað láta endurnýja setur og lagfæra bökin. Vinnu- og efniskostnaður var hins vegar ekki ræddur að sögn seljanda og segist hann ekki átta sig á því hvers vegna álitsbeiðandi hafi dregið þá ályktun að sá kostnaður yrði óverulegur. Eftir að verkið var hafið kveðst seljandi aftur hafa haft samband við álitsbeiðanda vegna lagfæringar á tréverki og óskað eftir fyrirmælum. Álitsbeiðandi vildi að lagfæringin færi fram en kostnaður var ekki ræddur. Seljandi segir hins vegar ljóst af upphaflegri kostnaðaráætlun að kostnaður vegna vinnu við tréverk væri ekki innifalinn.

Seljandi segir að kostnaður vegna klæðningar á stólunum hafi verið í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun eða samtals 132.750 krónur. Kostnaður við aðra vinnu var hins vegar ekki innifalinn í upphaflegri kostnaðaráætlun, þ.e. kostnaður við að endurnýja setur og lagfæra tréverk. Ítrekar seljandi að álitsbeiðandi hafi við afhendingu stólanna samþykkt að seljandi tæki að sér þá vinnu. Var kostnaður við þá vinnu að fjárhæð 199.750 krónur en seljandi hefur lækkað þann hluta kröfunnar í 154.000 krónur. Seljandi segir algengt að undirvinna við setur af þessari gerð kosti meira eða jafn mikið og klæðningin þegar þarf að

endurnýja bindingu á fjöðrum og gera nýja sessu. Segist seljandi ekki kannast við þá fullyrðingu álitsbeiðanda að vinna við tréverk sé hluti „almenns verklags og þjónustu við bólstrun húsgagna“. Seljandi telur sig hafa sinnt leiðbeiningarskyldu sinni varðandi klæðningu stólanna þar sem í kostnaðaráætlun var aðeins sett fram áætlun kostnaðar við klæðningu. Fyrirvari hafi hins vegar verið gerður um undirvinnu. Þá segir seljandi að samþykki álitsbeiðanda um undirvinnuna og vinnu við tréverk hafi legið fyrir enda hefði hann annars ekki ráðist í slíka vinnu, þrátt fyrir að kostnaður vinnunnar hafi ekki verið ræddur. Seljandi vísar einnig til viðmiðunartaxta frá Svíþjóð þar sem hann segir áætlað að það taki sjö klukkustundir að endurnýja setur af þessari gerð, 14 klukkustundir fyrir tvo stóla. Telur seljandi verðlagningu sína sanngjarna þar sem lagfæring á stólbökunum er einnig innifalin í kostnaðinum.

Kostnaður við klæðningu á báðum stólunum sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Vinna = 13 klukkustundir, alls 104.000 krónur.

Bólsturefni = 10.000 krónur.

Áklæði = 18.750 krónur.

Samtals 132.750 krónur.

Kostnaður vinnu við tréverk, setur og bak stólanna, eftir lökkun seljanda, sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Vinna við setur og bök = 14 klukkustundir (áður 16 klukkustundir), alls 112.000 krónur.

Vinna við tréverk = 4 klukkustundir (áður 6 klukkustundir), alls 32.000 krónur.

Bólsturefni = 10.000 krónur.

Samtals 154.000 krónur, eftir að seljandi lækkaði greiðslukröfu sína.

Við meðferð málsins hjá kæruneftinni bauð seljandi fram sátt í málinu. Tekur hún mið af því að álitsbeiðandi hefur boðist til að greiða 170.000 krónur fyrir verkið í heild, en þar af eru 32.750 krónur boðnar til greiðslu fyrir viðbótarverkið. Ágreiningur aðila varðar því 116.750 krónur sem eftir standa af greiðslukröfunni. Seljandi kveðst tilbúinn til að fella niður helming þeirrar fjárhæðar, þ.e. 58.375 krónur. Álitsbeiðandi myndi þar af leiðandi greiða 170.000 krónur + 58.375 krónur fyrir verkið í heild, alls 228.375 krónur.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda segir álitsbeiðandi að rangt sé hjá seljanda að hann hafi upplýst um að undirvinna þurfi setur stólanna við afhendingu þeirra. Álitsbeiðandi segir að hann, eiginkona hans og dóttir, hafi afhent stólana og við afhendinguna var áklæði og snúrur valið fyrir stólana. Seljandi sagði aðeins að sögn álitsbeiðanda að ástand á setum stólanna myndi koma í ljós þegar verkið hæfist. Að sögn álitsbeiðanda gaf seljandi aldrei í skyn hvorki þá né síðar að þörf væri á viðgerðum af því tagi og umfangi sem raun varð. Engin fyrirmæli hafi verið gefin um slíkar viðgerðir og ekkert samþykki lá til grundvallar þeim.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum sínum segir seljandi að samtal aðila um undirvinnu á stólunum gæti hafa farið fram síðar í ferlinu en ekki við afhendingu, en samtalið hafi þó átt sér stað. Kveðst seljandi þá hafa bent á að stólbökin væru farin að síga og að bönd sem halda fjöðrunum í setunum væri farin að slitna. Því þyrfti að endurvinna seturnar og lagfæra bökin. Var sú vinna samþykkt af hálfu álitsbeiðanda og því fór seljandi í þá vinnu.

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda vegna viðgerðar á stólum í sinni eigu. Þann 7. febrúar 2018 óskaði álitsbeiðandi eftir upplýsingum um kostnað við verkið með eftirfarandi spurningu tölvupósti: „Ég er með þessa gömlu stóla sem ég var að velta fyrir mér hvort hægt væri að lappa uppá. [...] Spurning hvort þú getir sagt ca. hvað þetta mundi kosta“. Um fimm stóla var að ræða og var ætlun álitsbeiðanda að láta gera stólana upp í áföngum. Í svari seljanda kom fram að „vinnan“ við þrjá tiltekna stóla muni kosta ákveðna fjárhæð, auk efniskostnaðar. Þá segir seljandi um þá stóla sem aðilar deila um í máli þessu: „Vinnan við að klæða stólana tvo kostar 105.000. Það þarf 2,5 m af áklæði á þá. Annað bólsturefni 10.000 kr. Hvernig er ástandið á setunum? Ef að þarf að undirvinna seturnar á stólunum bætist sá kostnaður við.“

Seljandi fékk stólana tvo í kjölfarið til viðgerðar og á meðan viðgerð stóð spurði seljandi hvort þússa ætti fætur stólana sem álitsbeiðandi svaraði játandi. Álitsbeiðandi kveðst hafa talið að sú vinna væri innifalin í verkinu. Þegar vinnu seljanda var lokið krafðist seljandi greiðslu alls að fjárhæð 370.000 krónur, en lækkaði svo greiðslukröfu sína í 286.750 krónur. Álitsbeiðandi krefst þess að greiðslukrafa seljanda verði lækkuð þar sem greiðslukrafan sé of há auk þess sem seljandi hafi veitt ófullnægjandi upplýsingar um verð á þjónustunni.

Kærunefndin telur að 4., 6. og 7. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðin eru svohljóðandi:

**4. gr.** *Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.*

**6. gr.**

*Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir.*

*Verði seljanda ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en vinna er hafin eða að verð þjónustunnar muni verða verulega hærra en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir skal seljandi tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um hvort frekari vinna skuli af hendi leyst. Hafi seljandi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, ekki óskað eftir fyrirmælum og ætla má að neytandi hefði hætt við samninginn að fengnum upplýsingum skulu greiðslur fyrir verkið miðast við að neytandi hefði dregið sig út úr samningnum á því stigi.*

[...]

**7. gr.**

*Seljandi getur þrátt fyrir ákvæði 6. gr. krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.*

Af 4. og 6. gr. þkpl. leiðir að seljandi hefur leiðbeiningarskyldu að gegna. Markmið þessa ákvæða er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld fyrir neytanda. Neytandi er í lakari stöðu en seljandi til að meta hvort tiltekin þjónusta sé hagkvæm eða ekki með tilliti til verðgildis hlutarins. Aðili sem atvinnu hefur af því að selja þjónustu sína á grundvelli fagþekkingar er betur fær um að gera sér grein fyrir hvort það svári kostnaði að vinna verkið. Ef neytandi hefur tekið ákvörðun um kaup á þjónustu á grundvelli upplýsinga um verð, og breytingar verða þar á, verður neytandi að fá tækifæri til að endurskoða ákvörðun sína.

Álitsbeiðandi óskaði eftir því að „lappað“ verði upp á fimm gamla stóla. Verðáætlun seljanda var eftirfarandi:

„Vinnan við bláa stólinn kostar 60.000 kr. Það þarf 2 m af áklæði. Þau eru misdýr. Kosta frá ca 5000 kr meterinn. Annað bólsturefni s.s snúrur og vatt 10.000 kr.

Vinnan við svarta stólinn kostar 45.000 kr. Það þarf tæplega 2 m af áklæði. Annað bólsturefni 5000 kr.

Vinnan við gráa stólinn með tréörmum kostar 30.000 kr. leður á hann kostar um 25.000 kr. Annað bólsturefni um 10.000 kr.

Vinnan við að klæða stólana tvo kostar 105.000. Það þarf 2,5 m af áklæði á þá. annað bólsturefni 10.000 kr. Hvernig er ástandið á setunum? Ef að þarf að undirvinna seturnar í stólunum bætist sá kostnaður við.“

Á seljanda hvílir sú skylda að tilkynna neytanda ef þjónusta verður mun dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ef seljanda verður ekki ljóst að fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrr en verk er hafið ber honum samkvæmt 6. gr. þkpl. að tilkynna neytanda um það og óska eftir fyrirmælum um verkið. Þegar litið er til orðalags verðáætlunar seljanda telur kærunefndin ljóst að uppgjafinn kostnaður seljanda varði aðeins klæðningu þeirra tveggja stóla sem um ræðir en ekki undirvinnu á setum eða vinnu við tréverk. Þegar vinna seljanda hófst kom í ljós að undirvinna varð setur stólanna, en líta verður svo á að seljanda hafi ekki verið fært að átta sig á ástandi á setum fyrr en hann hafði fengið stólana í hendur enda hafði hann aðeins séð myndir af stólunum fyrir afhendingu. Ákvæði 8. gr. þkpl. fjallar um viðbótarverk og álítur kærunefndin að ákvæðið eigi við um undirvinnu á setum og vinnu við tréverk. Ákvæðið er svohljóðandi:

#### **8. gr.**

*Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk.*

*Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:*

*1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,*

*2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,*

*3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.*

*Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.*

Ekkert liggur fyrir í málinu sem sannar að álitsbeiðandi hafi veitt samþykki sitt fyrir undirvinnu á setum eftir að verkið var hafið. Það liggur þó fyrir að álitsbeiðandi samþykkti upphaflega áætlun seljanda þar sem fram kom að mögulega yrði að undirvinna setur og kostnaður vegna þeirrar vinnu myndi bætast við. Með hliðsjón af framangreindu telur

kærunefndin sér ekki annað fært en að líta svo á að álitseiddandi hafi samþykkt að seljandi tæki að sér að undirvinna seturnar og að laga tréverk stólanna. Hins vegar liggur fyrir að kostnaður vegna þeirrar vinnu var ekki ræddur milli aðila.

Endanlegur kostnaður vegna vinnu við stólana tvo hækkaði verulega vegna þess að undirvinna varð seturnar og vegna vinnu við tréverk. Kostnaður við klæðningu stólanna var alls að fjárhæð 132.750 krónur. Kostnaður við undirvinnu á setum og vinnu við tréverk var alls 154.000 krónur eftir lækkingu seljanda, en 10.000 krónur af þeirri fjárhæð var vegna kaupa á bólsturefni til verksins. Heildarkostnaður verksins var því mun hærri en álitseiddandi hafði gert ráð fyrir á grundvelli upplýsinga frá seljanda um kostnað við bólstrun stólanna. Ekki er hægt að gera þá kröfu til almenns neytanda að hann átti sig á því hversu mikil kostnaðaraukning verður við undirvinnu á setum og vinnu við tréverk á grundvelli upplýsinga líkt og þeim sem seljandi veitti álitseiddanda í upphafi. Það liggur einnig fyrir að vinna seljanda við setur, bak og tréverk stólanna var umtalsverð og sú vinna var ekki innifalin í upphaflegri kostnaðaráætlun seljanda.

Kærunefndin telur að á seljanda, sem fagaðila, hafi hvílt upplýsingaskylda gagnvart álitseiddanda varðandi þann kostnaðarauka sem skapaðist við undirvinnu á setum og vinnu við tréverk. Meginreglan er sú að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð en nemur því er hann hefði þurft að greiða seljanda ef hann hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hálfu seljanda. Hafi seljanda því verið rétt samkvæmt 6. gr. þkpl. að veita álitseiddanda upplýsingar um að kostnaður mundi hækka verulega miðað við þá kostnaðaráætlun sem lá fyrir vegna klæðningar á stólunum.

Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin að álitseiddanda beri að greiða seljanda fyrir vinnu við stólana með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir samkvæmt 6., 7. og 8. gr. þkpl. Verður þá að taka tillit til þess hve mikil og hvers eðlis vinnan var, sbr. 28. gr. þkpl.

Eftir lækkingu frá upphaflegri greiðslukröfu hefur seljandi krafist greiðslu að fjárhæð 286.750 krónur fyrir verkið. Við meðferð málsins bauð seljandi fram sátt í málinu sem fól í sér að greiðsla álitseiddanda fyrir verkið í heild yrði samtals 228.375 krónur. Þar af eru 132.750 krónur fyrir bólstrun stólanna og efni til þess. Greiðsla fyrir undirvinnu á setum, baki, vinnu við tréverk og bólsturefni er samkvæmt því alls 95.625 krónur.

Kærunefndin álitur að framlagt tilboð seljanda sé sanngjörn lausn málsins samkvæmt 28. gr. þkpl. og fellst á þá tillögu sem niðurstöðu málsins. Telur kærunefndin að seljanda beri samkvæmt framangreindu að lækka greiðslukröfu sína úr 286.750 krónum í 228.375 krónur. Í samræmi við það ber álitseiddanda að greiða seljanda alls 228.375 krónur fyrir verkið.

## VIII

### Álitseidd

Seljanda, Y ber að lækka greiðslukröfu sína um 58.375 krónur.

Álitseiddanda, X, ber að greiða seljanda alls 228.375 krónur.

formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson